

Til Sveitarstjóra Grímsnes og Grafningshrepps

Sæl vertu lða

Hér með segi ég undirrituð af mér sem formaður Fjallskilaneftndar jafnframt því að við undirrituð segjum okkur alfarið úr téðri nefnd.

Fyrir ári síðan tók ég þetta starf að mér að ósk Oddvita Sveitarfélagsins eftir nokkrar fortölur, það kom til af því að ég hafði verið að kvarta yfir því að það vantaði á þriðja hundrað fjár á heimtur í Sveitarfélaginu að loknum lögbundnum smalamenskum hausti 2022 og ég taldi mig hafa hugmyndir um hvernig mætti bæta úr því sem aflögu var Grímsnes megin. Ég tók það strax fram að ég hefði ekki kunnáttu né þekkingu á staðháttum til þess að skipta mér af smalamensku í Grafningnum og lagði ég til að skipaður yrði varaformaður sem sæji þá um hitt Sauðfjárveikivarnarsvæðið þar sem þetta eru jú 2 sauðfjárveikivarnarsvæði og 2 Fjallskilareglugerðir, lagði ég til að Rúna á Stóra Hálsi sem þá var nefndarmaður yrði sá aðilli.

Það var ekki hægt en talað um að þar sem hún væri ritari nefndarinnar þá væri hún í raun næstráðandi og ég lét þetta niður falla.

Þegar ég byrja vinnuna í nefndinni tek ég eftir að það er heilmikil vinna framundan að ná samstöðu og sátt innan sauðfjorbænda sem óneytanlega þurfa að vinna saman til þess að allar smalamenskur gangi snuðrulaust fyrir sig. Ég stakk upp á og kom á samráðsfundi fjallskilaneftndar og sauðfjorbænda í sveitarfélaginu uppskera þess fundar var tillaga sem lögð var fyrir Sveitarstjórn. Sveitarstjórn fól svo Sveitarstjóra og Formanni Fjallskilaneftndar að ganga frá þessu setja upp skjalið og ljúka málinu, sem við og gerðum.

Ég og Bergur sem er ritari nefndarinnar komum á fund Sveitarstjórnar til þess að kynna málið, seinna mætti ég á fjárfund með Sveitarstjórn til þess að útskýra tillöguna enn fremur... Þetta skilaði ENGUM árangri því miður og var ég að því komin að segja af mér þegar ég fór að fá hringingar bænda og ábendingar um að útsendur fjallskilaseðill væri ekki í samræmi við þær ákvarðanir sem áður voru birtar. En þar sem það er ekki blessaðir sauðkindinni að kenna þessi skrifinnaska ákvað ég að klára haustið þar sem ég vissi að ef ég hætti á svo krítískum tíma þá yrði erfitt að halda sátt og ná að manna leitir og þess utan næði ég ekki að fylgja eftir hugmyndum mínum um hvernig best væri að haga leitum til þess að sem fæst fé yrði eftir.

Leitir gengu með miklum ágætum og Grímsnes megin var eingöngu farin 1 auka ferð utan skipulagðra leita inn á Hofmannaföt sem strangt til tekið er jú í Bláskógabyggð en við sjáum um það svæði.... Að loknum leitum vantaði sárafátt fé í Grímsnesinu en það sem vantaði er/var að stærstum hluta í Þjóðgarðinum á Þingvöllum sem erfitt er við að eiga þar sem hann er óafgirtur að hluta.

Næst kemur að uppgjörsfundi Fjallskilaneftndar. Því næst Sendir Fjallskilaneftnd að ósk Sveitarstjórnar frá sér tillögu og enn einu sinni skilar það engu, það virðist ekki vera hægt að útskýra nægjanlega vel hugmynd okkar sem gengur út á að Fjallskil skiptast í 3 jafna parta. 1 partur greiðist af landverði og þá eru 2 partar eftir þeir deilast í raun í 3 ójafna parta.... 1 hluti kemur frá öðrum aðilum sem sagt Bláskógabyggð og Orkuveitunni þar sem verið er að smala þeirra svæði, 1 partur greiðist í formi vinnuframlags sem þeir bændur sem nýta afréttinn leggja fram í réttu hlutfalli við skráðan fjárfjölda á viðkomandi bæ. Restin sem er þá loka parturinn greiðist úr Sveitarsjóði sem styrkur til Afréttarmála..... EKKI til sauðfjorbænda, þeir hafa ekki beðið um styrk og við sem nefnd höfum enga heilmild til þess að sækja um

styrk til handa bændum að þeim forspurðum. Mér finnst þetta sjálfri algerlega Kýrskýrt en það virðist vera að mér sé algerlega ómögulegt að útskýra þetta fyrir Sveitarstjórn svo að þetta fari í gegn og þar sem að ég tel að mér hafi tekist verkið sem ég tók að mér það er að sjá til þess að skipuleggja leitir þannig að sem fæst fé yrði eftir þá get ég sátt gengið frá borði og gefið boltann áfram til einhvers sem áhuga hefur á svona félags/stjórnar málum.

Ég vil jafnframt þakka þér fyrir samstarfið sem Sveitarstjóra og einnig tengilið Fjallskilanefndar því að það samstarf gekk að mínu mati vel.

kveðja Guðrún Sigríður Sigurðardóttir
fráfarandi Formaður Fjallskilanefndar

Afsögn úr Fjallskilanefnd skila eftirfarandi


Guðrún Sigríður Sigurðardóttir Bjarnastöðum


Bergur Guðmundsson Brjánsstöðum


Haraldur Páll Þórssen Miðengi


Brúney Bjarklind Kjartansdóttir Villingavatni


Ingólfur Jónsson Hömrum